

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Þjórsárholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að 16 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir að stærð lóða verði 1-6 ha. Svæðið liggur að frístundasvæði F42 og aðkoma að svæðinu verður frá Þjórsárholtssvegi.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. nóvember 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2009